



## Samningur um framkvæmd sóknaráætlunar árið 2013 Samband sveitarfélaga á Suðurnesja

<b>Heiti verkefnis skv. samningi:</b>	Bætt ímynd og efling sjálfsmýndar- verkefni 3.2.1.
<b>Heildarfjárframlag:</b>	9.770.000 kr.
<b>Kostnaður við verkefnið hingað til:</b>	
<b>Staða verkefnis í september skv. sóknaráætlun:</b> (setja kross)	[ X ] á áætlun [ ] ekki á áætlun
<b>Hvað er búið að gera?</b>	<p><b>Þáttagerð:</b> Skrifað hefur verið undir samning við Sagafilm um upptökur á þættinum Biggest Loser á Suðurnesjum. Fyrirtæki og stofnanir á Suðurnesjum koma til með að vinna að þættinum.</p> <p><b>Námsefnisgerð:</b> Haft hefur verið samband við Selmu Hrönn Maríudóttur sem er að vinna barnabók og námsefni fyrir elstu börn á leikskólum og yngstu börn í grunnskólum. Bókin kemur í lok árs 2013 eða byrjun árs 2014. Leyfi hefur fengist frá Ingva Þorsteinsson ritstjóra og rétthafa bókarinnar <i>Kynnumst Suðurnesjum – Fræðsluefni um náttúru og sögu</i> sem Umhverfiseild flotastöðvar varnarliðsins í Keflavík gaf út árið 1998 varðandi endurútgáfu bókarinnar.</p> <p><b>Námskeið:</b> Undirbúningur er hafinn að námskeiði í staðarleiðsögn í samvinnu við Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum. Fyrirmyndin er fengin frá Nordic Geo Guide School sem er samstarfsverkefni jarðvanga í Norður Evrópu. Námskeiðið verður kennt í febrúar og mars 2014.</p> <p><b>Markaðssetning á Reykjanesi fyrir erlendan markað:</b> Unnið hefur verið að kortlagningu þjónustu á Reykjanesi sem lið að undirbúningi fyrir stefnumótun í markaðssetningu. Sú vinna er á lokastigi og áætlað að henni ljúki um mánaðarmótin september/október. Undirbúningur er hafinn fyrir stefnumótun og ímyndarvinnu í tengslum við markaðssetningu á Reykjanesi til erlendra aðila. Kapital Markaðsráðgjöf vinnur að stefnumótuninni og ímyndarvinnu í samvinnu við ferðaþjónustuaðila á svæðinu. Stefnumótunarfundur verður haldinn í lok október. Heimasíðan <a href="http://visitreykjanes.is">visitreykjanes.is</a> verður nýtt sem gátt í</p>



	<p>markassetningunni og endurgerð í tengslum við þessa stefnumótunarvinnu. Stefna vinnur nýja heimasíðu sem áætlað er að verði tilbúin um áramót. Undirbúningur er hafinn að ímyndabækling en honum lýkur í kjölfar stefnumótunarvinnu ferðaþjónustunnar. Hönnun og umbrot er unnið af Studio74.</p> <p><u>Suðurnesjamenn:</u> Unnið er að samstarfi við héraðsmiðilinn Víkurfréttir og ráðnir verða blogggarar í greinaskrif. Vefurinn er kominn í loftið en hann þarf að kynna betur og virkja fleiri til þátttöku.</p> <p><u>Ímynd Suðurnesja – grunnskólar:</u> Unnið var að eflingu ímynda í samstarfi við alla grunnskóla á Suðurnesjum. Hver skóli vann verkefni er tengdist sögu, menningu eða náttúru svæðisins og var það verkefni sem þótti skara fram úr verðlaunað. Gerðaskóli hlaut viðurkenningu fyrir verkefni sitt sem fléttaði saman rekavið á Stafnesi, sjávarstraumum og tónlistarsköpun. Hluta þau að viðurkenningu i-pad.</p> <p><a href="http://www.youtube.com/watch?v=rpyuP33nzIM">http://www.youtube.com/watch?v=rpyuP33nzIM</a></p> <p><a href="http://www.heklan.is/frettir/gerdaskoli-hlytur-vidurkenningu-fyrir-imyndaerkefni">http://www.heklan.is/frettir/gerdaskoli-hlytur-vidurkenningu-fyrir-imyndaerkefni</a></p>
<b>Ef verkefni er ekki á áætlun, til hvaða aðgerða er búið að grípa til svo að verkefnið komist á áætlun?</b>	
<b>Er gert ráð fyrir breytingum á verkefninu á komandi mánuðum?</b>	
<b>Er gert ráð fyrir að það takist að ljúki við verkefnið á áætlun?</b>	<input checked="" type="checkbox"/> Já <input type="checkbox"/> Nei
<b>Ef nei, af hverju ekki?</b> <i>(setja kross)</i>	